

Forseti Íslands, forseti Hæstaréttar, forseti Félagsvísindasviðs, forseti Lagadeildar, heiðursdoktorsefni, góðir gestir;

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar, þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbótar á vegum Lagadeildar, á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við Markús Sigurbjörnsson lögfræðing, fyrrverandi hæstaréttardómara, forseta Hæstaréttar og prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands. Hlýtur hann heiðursdoktorsnafnbót fyrir störf sín í þágu íslensks samfélags, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót með tvennum hætti, annars vegar að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar ber með sér er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Með valinu getur Háskólinn einnig sýnt virðingu fyrir sérstakt framlag til skólans eða farsæl störf í hans þágu. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi Háskóla Íslands. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen, háskólarektor, árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 manns verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt

hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að Markús Sigurbjörnsson skuli nú bætast í þann hóp.

Markús Sigurbjörnsson á að baki langan og farsælan starfsferil, sem borgarfélagi, dómari við Hæstarétt Íslands og prófessor í réttarfari við Lagadeild Háskóla Íslands. Á þeim árum sem Markús var prófessor urðu tímamótabreytingar á íslenskri dómstólaskipan og réttarfari, sem komust á um mitt ár 1992, með aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdarvalds í héraði. Markús átti veigamikinn þátt í mótun og framkvæmd breytinganna og leiddi undirbúning að þeim umfangsmiklu breytingum sem hið nýja skipulag kallaði á. Samdi hann fjölda frumvarpa til nýrra laga á sviði réttarfars sem hafa síðan verið undirstaða réttarfarslöggjafar í landinu. Starfsferill Markúsar sem hæstaréttardómari í rúman aldarfjórðung, frá 1994 til 2019, er einstakur. Aðeins tveir aðrir hæstaréttardómarar hafa setið lengur í embætti en Markús, en hann hefur einnig setið í dómi í flestum málum og lengst verið forseti réttarins.

Vegna víðtækrar þekkingar Markúsar á sviði lögfræði, hæfni til greiningar á lagalegum álitaefnum, trúnaðar við öguð, vönduð og fagleg vinnubrögð og afkasta sem vart verður við jafnað hefur Markús um langt árabil haft mótandi áhrif á störf Hæstaréttar, íslenska lögfræði og íslenskt samfélag.

Það er til sæmdarauka fyrir Háskólann og Lagadeild að heiðra Markús Sigurbjörnsson með heiðursdoktorsnafnbót, *doctor juris honoris causa*, nú þegar fagnað er 110 ára afmæli Háskóla Íslands.

Ég býð nú Trausta Fannari Valssyni, forseta Lagadeildar, að taka til máls.